

TILLAGA

Viðtakandi: Stafrænt ráð

Sendandi: Óskar Sandholt, sviðsstjóri þjónustu- og nýsköpunarsviðs

Efni: Tillaga um miðlæga umsjón þjónustu- og nýsköpunarsviðs á styrkjámálum Reykjavíkurborgar

Lagt er til að stafrænt ráð samþykki að fela þjónustu- og nýsköpunarsviði miðlæga umsjón með styrkjámálum Reykjavíkurborgar en sviðið er eigandi styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar.

Greinargerð fylgir tillögunni.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri

Hjálagt:

Samþykkt tillaga um yfirfærslu á eigendahlutverki styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar frá fjármála- og áhættustýringarsviði til þjónustu- og nýsköpunarsviðs, 25. apríl 2023.

Greinargerð ÞON um miðlæga umsjón þjónustu- og nýsköpunarsviðs á styrkjámálum Reykjavíkurborgar, 29. janúar 2025.

Greinargerð:

Þann 27. apríl 2023 samþykkti borgarráð yfirfærslu á eigendahlutverki styrkjaverkefnis Reykjavíkurborgar frá fjármála- og áhættustýringarsviði til þjónustu- og nýsköpunarsviðs, sbr. 7. lið fundargerðar ráðsins s.d. Eignarhald verkefnisins var fært þar sem verkefnið samræmdist ekki kjarnaverkefnum fjármála- og áhættustýringarsviðs og það skorti sérþekkingu og mannafla til að sinna því. Umfang og flækjustig verkefnisins reyndist meira en upphaflega var áætlað, og krafðist bæði tæknilausna og miðlægrar þjónustu sem fellur betur undir ábyrgðarsvið þjónustu- og nýsköpunarsviðs.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið hefur sérhæfingu í þróun tæknilausna og sinnir þegar miðlægrri þjónustu við starfsfólk borgarinnar. Með flutningi á eignarhaldi var talið að verkefnið yrði betur staðsett til að ná sjálfbærni og markvissum umbótum í styrkveitingaferlum Reykjavíkurborgar.

Í skýrslu starfshóps um aukið gagnsæi styrkjaúthlutana Reykjavíkurborgar, júní 2020, kemur fram að í miðlægrri umsjón með styrkjum Reykjavíkurborgar felist m.a. gerð auglýsinga og kynningarefnis vegna reglubundinna styrkjaúthlutana, flokkun umsókna og vísun til fagraða. Einnig kemur fram að yfirfara þurfi reglur Reykjavíkurborgar um styrki og þær sameinaðar reglum í Styrkjahandbók.

Þjónustu- og nýsköpunarsvið vinnur nú að þessum aðgerðum í samráði við styrkjasérfræðinga á fagsviðum borgarinnar. Lagt er til að samþykkt verði að miðlæg umsjón á styrkjamálum verði á hendi þjónustu- og nýsköpunarsviðs enda samræmist það núverandi fyrirkomulagi.

Miðlæg umsjón með styrkjamálum Reykjavíkurborgar felur í sér að samræma og stýra ferlum tengdum styrkveitingum innan borgarkerfisins. Í því felst:

1. Samræmdar reglur og viðmið

Þróa og viðhalda sameiginlegum reglum, leiðbeiningum og viðmiðum fyrir styrkveitingar til að tryggja gagnsæi og jafnræði í meðferð umsókna.

2. Umsóknar- og úthlutunarferli

Stýra miðlægrri umsóknargátt og samræma úthlutunarferli og tryggja faglega og réttláta afgreiðslu umsókna.

3. Upplýsingagjöf og gagnsæi

Sjá til þess að upplýsingar um styrki, umsóknarfresti og úthlutun séu aðgengilegar og reglulega uppfærðar.

4. Samráð og samstarf

Viðhalda góðu samstarfi við aðrar deildir borgarinnar, fyrirtæki og samtök sem hljóta styrki til að tryggja samhæfingu og hámarka áhrif fjármagnsins.

Meginmarkmið miðlægrar umsjónar er að gera styrkveitingar skilvirkari, gagnsærri og tryggja að þær styðji við stefnumarkandi markmið Reykjavíkurborgar.

F.h. Þjónustu og nýsköpunarsviðs,



Óskar Sandholt,
sviðsstjóri